

Nú er mögulegt að skila haustskýrslu í gegnum Heimarétt WorldFengs en henni skal skilað fyrir 20. nóvember ár hvert. Í haustskýrslunni skal koma fram fjöldi hrossa sem umráðamaður hefur yfir að ráða samkvæmt skráningu í WorldFeng.

Vinsamlegast athugið að umráðamenn búfjár þurfa að skila haustskýrslu samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 38/2013. **Umráðamaður búfjár** er skilgreindur sem eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þess.

Eigendur hrossa bera ábyrgð á að hross hafi skráða staðsetningu (búsnúmer) og umráðamann. Umráðamenn bera ábyrgð á að skila haustskýrslu.

Til að skila haustskýrslu þarf að gera eftirfarandi:

1. Eigendur þurfa að vera tengdir við staðsetningar (bú og/eða hesthús). Hægt er að bæta við og breyta staðsetningum út frá **Heimarétt – Staðsetning (búsnúmer)**. Umráðamaður getur skráð fleiri en eitt búsnúmer á sig ef öll hans hross eru ekki staðsett á sama stað. Athugið að ef staðsetning finnst ekki í leitarvélinni er hægt að velja viðkomandi sveitarfélag utan lögbýla dæmi: utan lögbýla Rangárþing-Eystra.
2. Farið inn í **Heimaréttina – Hrossin mín** og staðsetjið hrossin á þann stað sem þau eru á mestan hluta ársins eða þau eru þegar skýrslan er skráð.
3. Því næst þarf að fara í **Heimarétt – Umráðamaður** og ganga úr skugga um að öll hross hafi skráðan umráðamann, þar sem það er á ábyrgð umráðamanns að skila haustskýrslu til MAST.
4. Þegar búið er að yfirfara öll gögn með tilliti til ofangreindra atriða fer umráðamaður í **Heimarétt - Haustskýrsla umráðamanns** og skilar skýrslu.
5. Athugið að við flutning á upplýsingum um hross úr WorldFeng yfir í haustskýrslu í Bústofni þá fylgja með upplýsingar um fæðingarnúmer hrossanna. Þetta á einnig við ef skráning er gerð í Bústofni og sóttar eru upplýsingar úr WorldFeng. Með þessu er komið í veg fyrir að sama hross sé talið fram á fleiri ein einni haustskýrslu.

Athugið að ekki er hægt skila haustskýrslu í gegnum WorldFeng ef:

- Annað búfé er skráð á viðkomandi staðsetningu (bú) og kennitölu.
- Skráð var uppskera í haustskýrslu í fyrra, ekki þó keypt eða fyrningar.

Í þessum tilfellum þarf að ganga frá gögnunum í WorldFeng og klára skýrsluskil í Bústofni eins og áður hefur verið gert [bustofn.is](http://bustofn.is).

Frekari upplýsingar veitir búnaðarstofa Matvælastofnunar.